

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðla

Nína Margrét Grímsdóttir
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 31. júlí 2001 kl. 20:30

Hlíf Sigurjónsdóttir lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Björns Ólafssonar konsertmeistara. Hún stundaði framhaldsnám við háskólana í Indiana og Toronto og hlaut styrki til þess að vera við nám í Listaskólanum í Banff í Kanada. Hlíf starfaði nokkur ár í kammerhljómsveitum í Þýskalandi og Sviss uns hún sneri heim til Íslands þar sem hún hefur tekið þátt í margs konar tónlistarflutningi og haldið fjölda einleikstónleika. Hlíf var fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands 1996–2000 og hefur tekið virkan þátt í félagsstarfi tónlistarmanna; hún var meðal annars formaður starfsmannafélags S.Í. á árunum 1997–99. Síðastliðin tvö ár hefur Hlíf sótt tíma til bandaríska fiðluleikarans Gerald Beal. Um þessar mundir er Hlíf að hljóðrita allar einleiksónötur og partitur eftir J.S. Bach til útgáfu á geisladiskum. Verkin sem leikin verða á tónleikunum í Sigurjónssafni eru hluti af efnisskrá þeirri sem hún flutti á debut tónleikum sínum í Merkin Concert Hall í New York 29. maí síðastliðinn.

Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari hefur um árabíl verið í fremstu röð íslenskra hljóðfæraleikara. Hún hefur komið fram á fjölda einleiks- og kammer-tónleika á Íslandi, Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Nína Margrét hefur einnig hlotið fjölda innlendra og erlendra viðurkenninga fyrir störf sín á sviði tónlistar. Þar má nefna Þjóðhátíðarsjóð, Tónskáldasjóð Ríkisútvarpsins og American Scandinavian Society í New York. Þessir aðilar styrktu t.a.m. hljóðritun Nínu Margrétar á heildarpíanóverkum dr. Páls Ísólfssonar í Svíþjóð sem kom út í 45 löndum á vegum BIS Records fyrr á þessu ári. Nína Margrét hefur enn fremur hljóðritað heildarverk Mendelssohns fyrir fiðlu og píanó ásamt Nicholas Milton fyrir NAXOS útgáfuna og er sá diskur nýkominn á alþjóðlegan markað. 1996 kom út einleiksdiskur með Nínu Margréti á vegum SKREF útgáfunnar með verkum Mozarts og Mendelssohns sem styrktur var af Félagi Íslenskra Tónlistarmanna. Auk einleikaraprófs frá Tónlistarskólanum í Reykjavík hefur Nína Margrét lokið háskólaprófum í píanóleik frá Mannes College of Music í New York, City University of London og Guildhall School of Music and Drama í London. Af kennurum hennar má nefna Agustin Anievas, Diane Walsh, Philip Jenkins, Halldór Haraldsson og Málfríði Konráðsdóttur. Nína Margrét er nú fastráðin við Tónlistarskólann í Kópavogi og starfar við kennslu í píanóleik og kammertónlist. Á þessu starfsári mun hún m.a. koma fram á einleiks og kammertónleikum í Salnum í Kópavogi, í Vestmannaeyjum og í National Gallery of Arts í Washington DC.

Efnisskrá

W.A. Mozart 1756-1791	Sónata í e-moll KV 304 Allegro Tempo di Menuetto
L.v. Beethoven 1770-1827	Sónata í G-Dúr opus 30 nr. 3 Allegro assai Tempo di Minuetto ma molto moderato e grazioso Allegro vivace
Camille Saint-Saëns 1835-1921	Introduction et Rondo capriccioso opus 28
Þórarinn Jónsson 1900-1974	Húmoreska
Ottokar Eugen Nováček 1866-1900	Perpetuum Mobile